

LÖG**um heimild til hækkunar á kvóta Íslands hjá
Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 59,6 milljónum SDR í 85,3 milljónir SDR. Seðlabanki Íslands skal leggja fram það fé sem þarf til hækkunar kvótans, sbr. 23. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 12. desember 1990.***Vigdís Finnbogadóttir.**
(L.S)

*Jón Sigurðsson.***LÖG****um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd
breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem samþykktar voru af yfirstjórn sjóðsins 28. júní 1990.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 12. desember 1990.***Vigdís Finnbogadóttir.**
(L.S)

Jón Sigurðsson.